

ÁRSFUNDUR NORÐURORKU HF. 2022

*Haldinn í Menningarhúsinu Hofi Akureyri,
fimmtudaginn 31. mars kl. 15:00 - 17:10*

- 15:00** **Ársfundur settur**
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrarbæjar
- 15:10** **Rafveitan á Akureyri 100 ára**
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, verkefnastjóri Norðurorku hf.
- 15:20** **Rafbílahleðsla – horft frá dreifiveitu rafmagns**
Jóhannes Þorleiksson, forstöðumaður rafveitu hjá Veitum ohf.
- 15:35** **Rafbílahleðsla – horft frá notandanum**
Bjarni G. P. Hjarðar, sérfræðingur hjá Eignaumsjón hf.
- 15:50** **Jafnlaunavottun Norðurorku**
Erla Björg Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Norðurorku
- Starfsfólk heiðrað**
- 16:10** KAFFIHLÉ
- 16:25** **Fráveitumál til framtíðar**
Ragnhildur Gunnarsdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá Eflu
- 16:40** **Hjalteyri – Nýjar áskoranir í hitaveitu**
Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku
- 16:50** **Skógarböðin og vatnið úr Vaðlaheiðargöngum**
Hjalti Steinn Gunnarsson, fagstjóri hitaveitu Norðurorku
- 17:00** **Umræður og fyrirspurnir**
- 17:10** **Léttar veitingar**

Fundarstjóri er Fjóla Valborg Stefánsdóttir, oddviti Grýtubakkahrepps

F.h. Norðurorku hf.

Helgi Jóhannesson

forstjóri

Ársfundur Norðurorku hf. 2022

Haldinn í Menningarhúsinu Hofi fimmtudaginn 31. mars 2022 kl. 15:00.

Norðurorka rekur grunninnviði í samfélaginu. Innviði sem viðskiptavinir okkar treysta á allan sólarhringinn, allt árið um kring. Eitt af mikilvægustu verkefnum Norðurorku er að tryggja að til staðar sé næg orka fyrir íbúa svæðisins, í dag og til framtíðar.

Sem samfélagi og einstaklingum er okkur ætíð hollt að muna að auðlindir okkar í heitu og köldu vatni eru ekki óþrjótandi. Mikið fjármagn þarf til að afla og vinna nýjar auðlindir og til uppbyggingar á kerfum til að auka flutningsgetu þeirra. Sónun á heitu vatni og neysluvatni eykur og hraðar fjárfestingaþörf í innviðum sem aftur kallar á hækkanir á verðskrá félagsins. Því er mikilvægt að halda til haga þeim tækifærum sem felast í því að fara vel með og forðast sóun á auðlindunum.

Á ársfundinum verður 100 ára saga rafveitu á Akureyri rifjuð upp ásamt því að fjalla um helstu áskoranir dagsins í dag sem m.a. tengjast rafbílahleðslum, horft frá viðskiptavinum og frá dreifiveitum. Einnig verður sagt frá þeirri áskorun sem nú blasir við í hitaveitunni eftir að komið hafa fram vísbendingar um að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé mögulega fullnýtt og við fáum að heyra hvernig gekk að leiða heitt og kalt vatn frá Vaðlaheiðargöngum að Skógarböðunum yfir köldustu vetrarmánuðina. Horft verður til framtíðar í fráveitumálum og fjallað um þær auknu kröfur sem mögulega verða gerðar um hreinsun. Venju samkvæmt á ársfundi þá heiðrum við starfsfólk sem látið hefur af störfum vegna aldurs og fáum innsýn í hvernig Norðurorku gekk að innleiða jafnlaunastaðalinn í lok síðasta árs.

Gunnur Ýr stiklar á stóru um sögu rafveitu á Akureyri en í haust verða 100 ár frá því að bæjarstjórn Akureyrar var boðið upp að rafstöð bæjarins til að vera viðstödd þegar rafmagnsvélarnar voru reyndar í fyrsta sinn.

Jóhannes Þorleiksson fer yfir þær fjölmörgu fyrirspurnir sem berast um rafbílahleðslu viðskiptavina, um alla mögulega hluti, virðist vera mikið flækjustig og lítil þekking hjá notendum sem þurfa oft mikla leiðsögn. Oft ósk um stærri heimtaug en þörf er á, til að losna við óþarfa hugsun og umstang og gjarnan valin of stór hleðslustöð með tilheyrandi álag á kerfið í stað þess að álagsstýra heimtaug.

Bjarni G. P. Hjarðar fer yfir það hvaða áskorunum notandinn stendur frammi fyrir í sambandi við rafbílahleðslur og þá hvaða leið er best að fara. Um ræðir áskoranir eins og núverandi álag á heimtaug, þarf jafnvel nýja heimtaug? Hvað þarf notandinn að gera til að komast í „talsamband“ við dreifiveitu rafmagns, hvaða búnað á að velja, þarf rafverktaka og þarf að setja álagstýringu?

Erla Björg Guðmundsdóttir segir frá innleiðingu á jafnlaunastaðlinum og heiðrar eldra starfsfólk.

Ragnhildur Gunnarsdóttir fjallar um mögulegar breytingar á fráveitumálum héraendis í framtíðinni. Hvaða áhrif mun það hafa ef kröfur til hreinsunar verða hertar og hvaða aðferðir eru færar til að ná þeim? Einnig verður horft til Akureyrar sérstaklega og mögulegar sviðsmyndir fyrir fráveitakerfi framtíðar teiknaðar upp.

Helgi Jóhannesson ræðir jarðhitakerfið á Arnarnesi við Hjalteyri sem hefur undanfarin 20 ár tekið alla magnaukningu hitaveitunnar. Nú bendir margt til að þetta gjöfuga jarðhitakerfi sé fullnýtt og að finna þurfi jafnvægi til að kerfið verði sjálfbært. Í þessu felast gríðarlegar áskoranir hvað varðar jarðhitaleit, rannsóknir og framkvæmdir. Áleitun spurning er hvort við eigum sífellt möguleika á að finna ný jarðhitakerfi til að svara þörfum nútíðar og framtíðar?

Hjalti Steinn Gunnarsson segir frá þeim áskorunum sem fólust í því að koma heitu og köldu vatni frá Vaðlaheiðargöngum að Skógarböðum yfir harðasta veturinn.